



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundasvið

---

***Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um launakostnað í leikskólum og frístundaheimilum***

Vísað er til tölvubréfs skrifstofu borgarstjórnar, dags. 14. desember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Hver væri launakostnaður í leikskólum Reykjavíkurborgar annars vegar og á frístundaheimilunum hins vegar hefðu þessar einingar verið fullmannaðar á árinu 2017?

Launakostnaður í leikskólum Reykjavíkur 2017 var 9.914 millj.kr. en hefði verið 10.092 millj. ef starfseiningar hefðu verið fullmannaðar.

Launakostnaður á frístundaheimilum sem heyra undir frístundamiðstöðvar var 1.367 millj.kr. – en hefði verið 1.534 millj.kr. ef starfseiningar hefðu verið fullmannaðar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs